

Starfsáætlun leikskólans

Hlíðarbergs

2023 – 2024



Formáli

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 vinna leikskólar eftir aðalnámskrá leikskóla. Samkvæmt henni vinnur hver og einn leikskóli upp sína skólanámskrá þar sem fram kemur á hvern hátt leikskólinn uppfyllir þau viðmið sem þar eru sett fram.

Leikskólar gera starfsáætlun þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, skóladagatal er birt og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers leikskóla. Áætlunin þarf að fá umsögn foreldraráðs áður en fræðsluráð tekur hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

Í starfsáætlun leikskólans skulu koma fram:

- Matsaðferðir leikskólans og umbótamiðuð áætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats.
- Áherslur í leikskólastarfinu sem ætlunin er að vinna að, markmið, leiðir að markmiðunum og áætlun um hvernig þau verða metin.
- Jafnréttisáætlun.
- Áherslur í starfsáætlun fræðsluviðs sem leikskólinn vinnur að.
- Starfsþróunaráætlun leikskólans og upplýsingar um starfsmannamál.
- Fjöldi barna, kynjahlutfall, dvalarstundir, fjöldi barna sem njóta sérkennslu og fjöldi barna af erlendum uppruna.
- Upplýsingar um foreldraráð, foreldrafundi og foreldraviðtöl.
- Umsögn foreldraráðs.
- Skóladagatal fyrir árið.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til Þróunarfulltrúa leikskóla fyrir 1. júlí ár hvert. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir fræðsluráðs til samþykktar.

Tekið skal fram að leikskólar gera jafnréttisáætlun og skal hún koma með starfsáætlun sem viðhengi.

Efnisyfirlit

Formáli.....	2
1. Inngangur	4
2. Mat á leikskólastarfi og umbótaáætlun	6
2.1 Matsáætlun	6
2.2 Innra mat leikskólans.....	6
2.3 Húsnæði og lóð.....	7
2.4 Ytra mat	7
2.5. Umbótaáætlun samkvæmt niðurstöðum innra- og ytra mats	7
3. Áherslur í starfi leikskólans.....	9
3.1 Áherslur leikskólans næsta starfsár.....	9
4. Starfsmannamál	10
4.1. Starfsmannahópurinn 1. maí.....	10
4.2 Starfsþróunarsamtöl.....	10
4.3 Símenntun frá síðasta ári.....	11
4.4 Áætlun um símenntun í leikskólanum.....	11
5. Aðrar upplýsingar	12
5.1 Barnahópurinn 1. maí.....	12
5.2 Foreldrasamvinna.....	13
5.3 Samstarf leik- og grunnskóla	14
5.4 Almennar upplýsingar	14
5.5 Áætlanir	14
Fylgirit.....	15
• Matsgögn.....	15
• Leikskóladagatal	15
• Umsögn foreldraráðs.....	15
• Annað	15

1. Inngangur

Segja má að vinnutímastytting hafi verið stærsta áskorunin á þessu skólaári. Farið var í aðgerðir til að samræma starfstíma í leik- og grunnskólum bæjarins og gera skólaárið sambærilegt á þessum tveim skólástigum. Vinnutímastytting hjá Hlífarstarfsfólki fór í 4 tíma á viku og hver skóli fór sína leið til að leysa úr því. Enn er dvalartími barnanna 42,5 tímar að meðaltali. Það liggur í augum uppi að þar sem börn eru 42,5 tíma á viku og starfmenn með 36 tíma vinnuviku skapast álag sem dregur úr gæðum starfsins.

Ný menntastefna Hafnarfjarðar leit dagsins ljós. Hún var kynnt starfsfólki og foreldrum. Mikill samhljómur er í henni og einkunnarorðum okkar sem eru „Hreyfing, sköpun og vellíðan“. Nú tekur við að fella hana að starfi leikskólans. Einnig þurfum við að endurskoða námskrá með tilliti til yngri barna sem nú koma inn í leikskólann í auknu mæli.

Fjöldi starfsmanna með íslensku sem annað mál hefur aukist í leikskólanum og til að mæta því tókum við þátt í „Íslenskuorp í leikskólum landsins“ sem er námskeið hjá Menntafléttunni í Háskóla Íslands. Menntafléttan er samstarfsverkefni Menntavísindasviðs Háskóla Íslands, Háskólans á Akureyri og Kennarasambands Íslands. Rauði þráður hennar er að styðja við að námssamfélög blómstri á vinnustöðum þátttakenda. Námskeiðin fléttast saman við daglegt starf og viðfangsefni þeirra eru fest í sessi með því að fylgja einföldum þróunarhring, fjórum skrefum sem byggja á rannsóknum á farsælli starfsþróun. Í heildina tóku 3 starfmenn frá leikskólanum þátt.

Sjálfbærni er líka orðin vaxandi þáttur í skólastarfi líkt og í samfélaginu öllu. Við tókum þátt í Laufinu sem er verkefni sem heldur utan um græn skref skóla og fyrirtækja í átt að aukinni sjálfbærni.

Eftir Covid hefur þurft að hafa fyrir því að fá foreldra meira inn í leikskólann. Haldin var kynning fyrir nýja foreldra sem voru með börn í aðlögun hjá okkur og var það tilraun til að koma upplýsingum og fræðslu til foreldra á fyrstu stigum leikskólagöngu barnsins.

Áfram var unnið með Brúnna sem er nýtt verklag í þjónustu við börn í leik- og grunnskólum sveitarfélagsins. Markmiðið er að auka lífsgæði barna, unglinga og fjölskyldna þeirra.

Aukin þjónusta fer fram í gegnum lausnateymi leikskólans. Í lausnateymum sitja fagaðilar á vegum skólans, ásamt ráðgjöfum frá fjölskylduþjónustu, sálfræðingum og/eða sérkennslufulltrúa frá mennta- og lýðheilsusviði. Hlutverk lausnateyma er að kortleggja stöðu barns og leita sameiginlegra lausna, barni og fjölskyldu þess til stuðnings. Í lausnateymi er nám, hegðun, þroski og/eða líðan barns rædd með samþykki foreldra og viðunandi úrræði virkjuð til að bregðast fyrr við erfiðleikum eða aðstæðum barnsins.

Leikskólinn hélt upp á 30 ára afmæli sitt í mars. Þar leit starfsfólk þakklátt yfir farin veg og kvöddum um leið 3 starfsmenn sem létu af störfum eftir 23-26 ára störf vegna aldurs. Í ár útskrifuðust 24 börn frá leikskólanum og er það alltaf ljúfsárt að kveðja börnin og foreldra og fjölskyldur sum eftir margra ára samfylgd.

2. Mat á leikskólastarfi og umbótaáætlun

2.1 Matsáætlun

Til þess að fylgja eftir og kanna hvort leikskólinn sé að vinna að settum markmiðum fer fram stöðugt mat á starfinu. Aðferðir við mat eru m.a. uppeldisfræðilegar skráningar, fundir, fundargerðir og kannanir ásamt persónumöppum þar sem námsferill og leikskólaganga barnsins er skráð.

Markmiðið með matinu er að skerpa sýn á árangursríkar starfsaðferðir sem skila sér í betri líðan og þroska barnanna og að efla leikskólakennara í starfi. Næsta skólaár 2023-2024 verða eftirfarandi þættir;

- Viðhorf foreldra verður kannað á vorönn 2024 með viðhorfskönnun.
- Persónumöppur barnanna verða unnar jafnóðum af kennurum.
- Foreldraviðtöl leikskólastjóra og deildarstjóra eru í upphafi leikskólagöngu hjá nýjum börnum auk kynningar á námskrá og málörvun á meðan aðlögun barnanna stendur.
- Starfsmannaviðtöl verða tvisvar yfir árið.
- Nýliðaviðtöl verða til að fylgja eftir nýju starfsfólki mánuði eftir að starfmaður hefur starf.
- Meta þarf fyrirkomulag á vinnutímastyttingu.
- Endurmeta þarf námskrá út frá yngri börnum.

2.2 Innra mat leikskólans

Mat starfsmanna

Fundargerðir starfsmannafunda, deildarfunda og teymisfunda eru skráðar. Á daglegum skilaboðafundum er farið yfir hvað er á dagskrá frá degi til dags. Á skipulagsdögum fóru fram umræður og mat um afmarkaða þætti starfsins. Skráningar á námsferli barnanna í Persónumöppum var endurmetin og samræmd. Starfsmannaviðtöl fóru síðan fram í maí. Undirbúningstímar voru metnir á fagfundi með lestri faggreina og umræðum.

Mat barna

Aðkoma barna að matinu var bæði í gegnum upplýsingar frá foreldrum um líðan barns og með skráningum í ferilmöppum barna og myndaskráningum í leik barnanna. Einstaklingsnámskrá var gerð með um það bil þriggja mánaða millibili fyrir þau börn sem þess þurfa. Orðaskil og Tras er lagt fyrir öll börn leikskólans. Þegar við á og þörf er á nánari upplýsingu um stöðu barns voru notaðir ýmsir matslistar svo sem AAL, íslenski þroska-listinn, smábarnalistinn, Gerd Strand og AEPS-listinn

Mat foreldra

Foreldrar komu að matinu með foreldrasamtölum í febrúar og mars.

Samantekt úr foreldrasamtölum vor 2023

Rætt var um líðan og stöðu barna og praktísk atriði s.s svefn, mataræði og salernisþjálfun. Almenn ánægja var með starfið og framfarir hjá börnunum í vetur. Foreldrar vildu helst vita um samskipti barnanna og hvort börnin ættu félag á deildinni. Það kom fram ánægja með hvað við syngjum mikið og hvað börnin kunna mikið af lögum. Þeir foreldrar sem eiga börn sem eru í málörvunarhóp eru ánægð með vinnuna hjá sérkennara og sjá framfarir. Foreldrar voru ánægðir með hvað við tökum vel í allar sérþarfir. Sumum foreldrum var bent á að sjálfshjálpinni væri ábótavant og að börnin mættu gjarnan æfa sig að klæða sig og borða sjálf heima og var vel tekið í það. Margir nefndu hvað börnin væru meðvituð um bókstafi og ánægð með hvað þau eru farin að skrifa mikið og sýna því mikinn áhuga.

Athugasemdir komu um hvort allt starfsfólk fari á skyndihjálparnámskeið og að skera mætti ávexti smærra niður fyrir yngstu börnin.

2.3 Húsnæði og lóð

Fasteignafélag sér um viðhald á húsnæði. Málaðar voru tvær deildar að innan og Tröllahlíð að utan. Hljóðeinangrun var sett í loft á 4 deildum og í sal. Skipt var um ljós í leiðinni. Lagt var fyrir nýju bruna- og innbrotaviðvörðunarkerfi. Einangrun á hálofti var löguð og gengið betur frá henni. Skipta þurfti um kæliskáp í eldhúsi og settir voru nýjr skápar fyrir leirtau. Loftræsting var sett á salerni miðdeilda vegna lélegrar loftunnar.

Leki kom á einni deild. Í framhaldi var fengin skoðun sem leiddi í ljós raka. Viðgerð fer fram í sumarlokun. Málning á þaki er farin að fjúka af þakinu og flyksurnar eru út um allan garð. Það þarf að mála þakið eða setja nýjar þakplötur.

Ekkert var gert á skólalóðinni á árinu 2022. Óskaði leikskólastjóri eftir aukafjárveitingu til að koma lóð í viðunandi ástandi. Það fékkst ekki og var vísað til Garðyrkjustjóra um umbætur. Nú sumarið 2023 er verið að skipta út sandkassa og leiktækum sem eru fúin. Undirlag var bætt og sandur settur í sandkassa og leiktæki máluð. Garður elstu barnanna þarfnast þó enn endurbóta.

2.4 Ytra mat

Mennta- og lýðheilsusvið stendur fyrir foreldrakönnunum annað hvert ár og starfsmannakönnun sem framkvæmd var í mars af Skólapúlsinum. Í sömu könnun var einnig vinnustaðagreining Hafnarfjarðar sem hingað til hefur verið lögð fram sérstaklega. Samkvæmt niðurstöðum þarf að draga úr vinnuálagi, bæta stuðning við börn með sérþarfir, bæta samstarf og auka undirbúningstíma og símenntun.

2.5. Umbótaáætlun samkvæmt niðurstöðum innra- og ytra mats

Umbótaáætlun 2023

Samstarf

- Búa til dagatal fyrir starfsfólkið yfir viðburði, hópastarf, val á milli deilda, söngfundir, deildarfundir, starfsmannafundir, skipulagsdagur, Stjórnendur búa það til og afhenda

mánaðarlega.

- Val á milli deilda sé á sex vikna fresti – flæði milli deilda á föstudögum/ábyrgð: deildarstjórar.
- Heimsóknir/aðlögun milli deilda með börnin á vorönn yngri/eldri /ábyrgð: deildarstjórar.
- Samstarf/hópastarf með sama aldurshóp – sameiginleg útivera /ábyrgð: deildarstjórar.
- Vinna sameiginlega með Lubba-hljóðin og orðalista. Sérkennslustjóri setur upp skipulag með hvenær hvað hljóð er tekið og hvað orðalista er unnið með á hverri deild.
- Söngfundir– afhenda seðla á mánudögum /ábyrgð: deildarstjórar.
- Mannekla. Yngri og miðdeildar aðstoða hvor aðra á milli deilda (morgnar t.d.) í upphafi og lok dags. Salur – samvinna á milli deilda þegar mannekla er. Aðstoða í fataklefa /ábyrgð: allir starfmenn
- Mynd af nýju starfsfólki sett á heimasíðu/fjörkálfa ábyrgð: Stjórnendur– kynnast fyrst starfsfólki á sinni deild. Deildarstjórar kynna nýtt fólk á deildarsíðu.
- Teymisvinna – vinna að ákveðnum verkefnum þvert á deildar á skipulagsdögum – hreyfing, sköpun, vellíðan – hver hópur fái undirbúning til að vinna saman og skipuleggja.
- Deila hugmyndum með hinum deildunum. Þau sem eru góð í einhverju sýni og kenni öðrum.
- Deildarstjórar verði með 1 tíma saman í undirbúning til að samræma starfið K.H/Á.H./T.H. og H.H/D.H.
- Gera eitthvað sameiginlegt á skipulagsögum– hópefli til að hrista hópinn saman t.d. dans, söngur.

Starfsskilyrði – draga úr vinnuálagi

- Tileinka sér jákvætt og lausnamiðað hugarfar – Meiri gleði og jákvæðni.
- Starfsfólk sé færanlegt – færa fólk á milli deilda þegar þarf.
- Loka á milli herbergja. Vera til staðar – forgangsraða. Taka litla hópa út af deildum og fara í salinn – samvinna milli deilda)— dreifa verkefnum yfir daginn – skipta börnunum í hópa, spila, lesa, verkefni í listasmiðju, nota Lubba og Blæ. Lubbi og Blær þurfa ekki alltaf að vera sér stund heldur nýta þessi verkfæri í samveru, hópastarfi og víðar. Reyna að hafa rólegheit í lok dags ef við erum inni.
- fara stundum út í lok dags það er góð æfing í að klæða sig þó útivera verði stutt.
- Leyfa elstu börnunum að fara sjálf út.
- Samnýta starfsfólk á miðdeildum í hvíld, meðan börnin eru sofandi – vekja og koma þeim út.
- Uppábrotts föstudagar – uppákomur, Eurovision, landsleikir – föstudagar (keila, bíó). Gera

okkur dagamun reglulega.

Stuðningur við börn

- Deildarstjórar kynni fyrir nýju starfsfólki „Svona gerum við“ -handbók – Gefðu 10 – Lubbi – Blær
- Deildarstjórar fari yfir skýrslur frá talmeinafræðingum og öðrum sérfræðingum á deildarfundum, sérkennslubörnin eru á ábyrgð allra starfsmanna.
- Hafa meira sýnilegt upp á veggjum – sjónrænt dagskipulag, orðalistar o.fl.
- Nota Gefa 10 – fylgja því eftir.
- Sérkennari fer inn á deildar í aðlögun og fylgist með börnunum og ráðleggur starfsfólki um málörvun.
- Sérkennari taki málörvunarhópa þar sem vantar fólk (léttu á deildinni) Deildar aðstoði hvor aðra til að sérkennari geti haldið sínu skipulagi og tekið málörvunarhópa.

3. Áherslur í starfi leikskólans

3.1 Áherslur leikskólans næsta starfsár

Hér verða listaðar upp áherslur leikskólans næsta starfsár, aðrar en þær sem koma fram í umbótaáætlun.

Teymisvinna

Búa til teymi um „hreyfingu, sköpun og vellíðan“. Starfsfólk skipi sér í teymi eftir áhuga. Hafa teymisfundir á skipulagsdögum og starfsmannafundum sem vinna að grunngildu og að það verði einn fulltrúi frá hverri deild.

Hreyfing- hreyfistarf inni, úti, jóga íþróttahús o.s.frv.

Sköpun - skapandi starf listasmiðju, efniviður. Sjá nánar; Birna Dröfn Birgisdóttir sköpunargleði.is.

Vellíðan- kynna sér heilsueflandi skóli og vinnustaður.

Læsi- allir deildarstjórar sitja í því teymi.

Laufið- sjálfbærni í víðu samhengi. Byrja að vinna að grænu skrefunum efni í umhverfi barna. UST handbók um úrgang og fræðslumyndbönd.

Námskrá aðlöguð að yngri börnum samhliða námi deildarstjóra yngri barna í námskeiðinu „Fyrstu skrefin í leikskólanum“ í Menntafléttunni.

4. Starfsmannamál

4.1. Starfsmannahópurinn 1. Maí

Starfsheiti	Fjöldi	Starfshlutfall	Menntun
Leikskólastjóri	1	100%	Meistaragráða
Aðstoðarleikskólastjóri	1	100%	Viðb.diplóma við Bakkalárgráðu
Sérkennslustjóri	1	75%	Viðb.diplóma við Bakkalárgráðu
Proskapjálfi	1	50%	Bakkalárgráða
Sérkennari	1	75%	Bakkalárgráða
Deildarstjóri	5	100%	Bakkalárgráða
Matráður	1	100%	
Aðstoð í eldhúsi	1	100%	
Hákólamenntaður starfsmaður	6	4,38 (stöðugildi)	Bakkalárgráða
Starfsmaður í leikskóla	14	12,86 (stöðugildi)	4 Stúdentspróf, 10 framhaldsskólastig

4.2 Starfsþróunarsamtöl

Nýtt form verður á viðtölum en nú verða þau verða tekin tvisvar á ári.

- Stjórnun, liðsheild, starfsandi og líðan í starfi.
- Styrkleikar og færni starfsmanns.
- Nýsköpun og endurbætur – hvaða tækifæri sér starfsmaður innan skipulagsheildarinnar.
- Tækifæri til vaxtar.
- Markmiðasetning - hvaða markmið vill starfsmaður setja sér.

Starfsþróunarsamtöl voru tekin í maí af leikskólastjóra. Allir starfmenn fóru í viðtal. Viðtöl verða einnig tekin á haustönn.

Í starfsþróunarsamtölum kom fram að auka mætti málörvun, lesa meira með börnunum og miðla meira til starfsfólks hvernig er best að vinna með málörvun. Starfsfólk mætti að vera duglegri að fara í göngutúra og ferðir. Einnig var talað um að setja efnivið fram á áhugaverðan hátt og huga betur að leikefni úti og inni. Einnig kom fram að starfsmenn þyrftu að vera duglegri að miðla sín á milli, vera opnari fyrir nýjungum, vera jákvæðari, taka meiri ábyrgð, nýta salinn meira í hreyfingu og hafa meira um leiki í útiveru. Fram komu hugmyndir um að bæta við fleiri stærðfræðiverkefnum. Nefnt var að auka samskipti við foreldra.

Óskir komu fram um námskeið t.d. um Tákni með tali, Lubba, Atferlisþjálfun, Blær, Yngri Börn,

Íslenska, Kvíði og kjörþögli. Einnig hyggst starfsfólk taka þátt í Menntafléttunni og deildarstjóranámskeiði.

4.3 Símenntun frá síðasta ári

Allir starfsmenn

Fóru á eftirfarandi námskeið: Fræðsla um kynferðislegt og kynbundið ofbeldi og áreitni og forvarnir sem hæfa leikskólabörnum. Slysavarnir barna og skyndihjálþ. Reggio Emilia. Könnunarleikur, könnunaraðferð og stöðvavinna.

Farið var í námsferð til Alicante þar sem námskeið var um tilfinningagreind og að læra í gegnum leiki ásamt skólaheimsóknum.

Einstaklingar

Endur- og símenntun sem starfsmenn óskuðu eftir í samtölum var fræðsla um framkomu, ráðstefna hjá Greiningastöð, könnunaraðferð, Lubbi og Blær, söngur, málþroski, kvíði barna, börn með sérþarfir, íslenska, málörvun, stærðfræði, listsköpun, útikennsla, listasmíðja, tónlist, nám í gegnum leik, upplýsingatækni, yngstu börnin í leikskólanum, Reggio Emilia hugmyndafræði, slys á börnum.

Tveir starfsmenn hafa sótt um námstyrk til áframhaldandi leikskólakennaranáms. Einn starfsmaður hefur sótt um námstyrk í grunnnám og einn starfsmaður um námstyrk í leikskólaliðanám við Borgarholtsskóla. Starfslokanámskeið er í boði fyrir þá sem aldur hafa en á þessu ári sóttu 4 starfsmenn starfslokanámskeið.

Stjórnendur fóru í námsferð til Prag og luku þar námskeiði Brené Brown um Leiðtogafærni.

Símenntunaráætlun 2023-2024

4.4 Áætlun um símenntun í leikskólanum

Allir starfsmenn sækja námskeið á skipulagsdögum.

Skipulagsdagar skólaárið 2023-2024 eru eftirfarandi:

- 15. september: Fyrirlestur og vinnustofa um sköpunargleði.
- 13. nóvember: Heilsueflandi skóli vinnustaður.
- 26. febrúar: Námskrá yngri barna.
- 2. apríl: Sjálfbærni og útinám.
- 10. maí: Endurmat á starfi vetrarins.
-

Starfmannafundir að morgni milli 8 og 10 eru eftirfarandi:

- 8. ágúst: undirbúa opnun.
- 2. október: Fyrirlestur um kjörþögli
- 5. janúar: Fræðsla um kynferðislegt ofbeldi.
- 18. mars: Fyrirlestur um kvíða.

Deildarstjórar sækja deildarstjóranámskeið í ágúst 2023. Deildarstjórar yngri deilda sækja námskeið í Menntafléttunni um starf með yngri börnum. Upprifjun á Lubba og Blæ kennsluefni. Þroskaþjálfari sækir námskeið um atferliþjálfun.

5. Aðrar upplýsingar

5.1 Barnahópurinn 1. maí.

- 93 börn eru í leikskólanum.
- Kynjahlutfall er nokkuð jafnt: 49 drengir og 44 stúlkur.
- Dvalarstundir voru 960,73.
- Deildargildi eru 5.
- 3 börn nutu sérkennslu samkvæmt greiningaviðmiðum sérkennslu í 1. og 2. flokki.
- 25 börn sem nutu sérkennslu með önnur þroskafrávik (málþroskafrávik, hegðunarfrávik, þroskafrávik, annað).
- 7 börn voru með ofnæmi.
- 5 börn með fæðuóþol.
- 22 börn voru með annað móðurmál en íslensku og tala þau 10 tungumál.
- Þjóðerni forsjáraðila (fjöldi Pólverja, Spánverja, o.s.frv.).

Sænska	2
--------	---

Enska	9
-------	---

Franska	1
---------	---

Albaníska	2
-----------	---

Pólska	1
--------	---

Filipíska	3
-----------	---

Arabíska	1
----------	---

Úkraínsku	1
-----------	---

Rússneska	1
-----------	---

Spænska	1
---------	---

5.2 Foreldrasamvinna

Við leikskólann er starfandi foreldrafélag og foreldraráð. Foreldrafélagið stendur fyrir ýmsum viðburðum og býður upp á skemmtiatriði og leiksýningar fyrir börnin. Foreldraráð les yfir og gefur umsagnir um stefnumótandi skjöl sem leikskólinn vinnur eftir.

Foreldraráð er kosið á aðalfundi foreldrafélags að hausti. Þrír fulltrúar hittast einu sinni fyrir áramót og einu sinni eftir áramót, oftast ef þurfa þykir. Foreldraráð veitti umsögn um starfsáætlun til fræðsluráðs.

Foreldrafundir. Haldnir voru kynningarfundir fyrir nýja foreldra í aðlögun þar sem við kynntum námskrá og menntastefnu Hafnarfjarðar og fórum vel yfir málörvun.

Foreldraviðtöl voru í mars og foreldrar skráðu sig í viðtöl. Mæting var mjög góð sem og niðurstöður. Foreldrar eru almennt ánægðir og nokkrar ábendingar komu um það sem betur mætti fara.

Foreldrafélagið. Aðalfundur foreldrafélagsins er haldin að hausti og er þá kosin ný stjórn og foreldraráð. Í desember stóð foreldrafélagið fyrir að fá jólasvein á jólaball barnanna ásamt því að kaupa jólagjafir fyrir börnin. Foreldrafélag bauð upp á leiksýningu á afmæli leikskólans. Sumarhátíðin var í júní þar sem boðið var uppá hoppu-kastala, skemmtiatriði frá Leikhópnum Lottu og veitingar í boði foreldrafélags.

Útskriftarferð nemanda á Tröllahlíð var með hefðbundnu sniði, en börnin hafa undanfarin ár farið í dagsferð í Vatnaskóg. Þessi ferð hefur ávallt verið vel heppnuð og börnin hafa haft mikla ánægju af þessari ferð. Eins og áður þá eru það félagsgjöldin sem greidd eru af foreldrum barnanna sem standa alfarið undir rekstri félagsins og án þeirra væri ekki unnt að bjóða upp á þessa viðburði. Foreldrafélag hefur nýtt rekstrarafgang til kaupa á leikföngum fyrir leikskólann.

Foreldrasamstarf

Starfandi er foreldrafélag og foreldraráð. Foreldrafélag stendur fyrir ýmsum viðburðum og býður upp á skemmtiatriði og leiksýningar fyrir börnin. Foreldraráð les yfir og gefur umsagnir um stefnumótandi skjöl sem leikskólinn vinnur eftir. Bæta þarf upplýsingastreymi til foreldra í leikskólabyrjun með auknum upplýsingum um stefnu og námskrá leikskólans og læsis-stefnu Hafnarfjarðar og hvatningu til foreldra um þátttöku í starfi leikskólans.

Rafrænt upplýsingakerfi Karellen er notað til upplýsinga og samskipta við foreldra. Því hefur nú verið sagt upp og á að skipta yfir í annað kerfi sem heitir Vala.

5.3 Samstarf leik- og grunnskóla

Samstarfið fór hægt að stað og er verið að endurvekja það eftir Covid. Við fórum með börnin í heimsókn í Setbergsskóla og tókum þátt í kennsludegi. Einnig var okkur boðið á leiksýningar hjá yngri bekkjunum. Ekkert var úr því að fá afnot af íþróttahúsi en verður vonandi næsta vetur.

5.4 Almennar upplýsingar

Starfsmannafundir

6. september: Starfsáætlun kynnt og starf vetrarins skipulagt

3. október: Fræðsla um Læsi og kynning á íslensku þorp í leikskólum sem 3 starfsmenn sækja hjá Háskóla Íslands.

4. janúar: Deildarfundir, mat á haustönn og skipulag á vorönn.

1. mars: Undirbúningur á foreldraviðtölum. Undirbúningur fyrir páska, námsferðina, sumarleyfi, viðtöl og deildarfundir.

Skipulagsdagar

14. nóvember-kynning á Beenfee og opnum efnivið.

27. febrúar- Kynning á Brúnni, Barnavernd og skyndihjálparnámskeið.

27.-28. Apríl- Ferð til Alicante námskeið um Tilfinningagreind og að læra í gegnum leikinn og skólaheimsókn. Þeir sem voru heima fóru í heimsóknir á Norðurberg og fæddust um útinám.

19. maí- Mat á starfi vetrarins. Starfsáætlun fyrir næsta ár og léttur fyrirlestur um skóla framtíðarinnar sem leikarinn Jóel Sæmundson hélt.

Fagfundir

30. ágúst- Endurmat á sumrinu, skipulag, hópastarf, samskipti starfsmanna.

30. janúar- Mat á starfi og undirbúningstímar. Leikskólastjóri var með fyrirlestur um mat á starfi. Lásur grein um undirbúningstíma, vorum með umræður um greinina og fyrirkomulag undirbúningstíma.

5.5 Áætlanir

Eftirtaldar áætlanir eru aðgengilegar á heimasíðu leikskólans.

- Viðbragðsáætlun ef upp kemur grunur um:
 - einelti
 - ofbeldi
 - annað

- Viðbragðsáætlun við:
 - slysum
 - áföllum
 - heimsfaraldur
 - annað
- Öryggisáætlanir
 - Rýmingaráætlun
 - Vinnuverndaráætlun
 - Öryggishandbók
- Móttökuáætlun (barna og starfsmanna)
- Jafnréttisáætlun skal skila sem viðhengi við áætlunina
<http://www.althingi.is/lagas/nuna/2008010.html>

Fylgirit

- Matsgögn
- Leikskóladagatal
- Umsögn foreldraráðs
- Annað

Hafnarfirði, 23. júlí 2023

Leikskólastjóri

Sumarstarfið 2023

Ferðir

- Hellisgerði
- Víðistaðatún
- Fjöruferð við Hrafnistu
- Hvaleyravatn
- Ströndina á Sjálandinu
- Gönguferðir í nágrenninu
- Hraunið
- Lækurinn
- Tröllaskóg
- Hamarinn
- Fjölskyldugarðinn
- Hoppu-belgurinn
- Strætóferðir
-

Dagar

- Sápukúludagur
- Skutludagur
- Regnhlífadagur
- Drullumalldagur 30.júní
- Bökunardagur
- Vísindadagur
- Gæludýradagur
- Skordýradagur
- Búningadagur

Fastir liðir

- Hjólavika
- Sundnámskeið
- Fjöruferð

Færa starfið meira út í garð

Hreyfing

- Þrautabraut
- Stöðvavinna
- Hjólaþvottastöð
- Frisby
- Ratleikir
- Úti-íoga
- Úti-súmba
- Hlaupa maraþon
- Golf
- Reipítog
- Hreyfileikir í garðinum
- Myndastyttuleikur
- Húllahringir
- Fallhlíf
- Dansiball úti
- Vatnsrennibraut

Sköpun

- Mála og vatnslita úti
- Vefa grindverkið með efnisbútum

- Smíðakrók fyrir framan
- Vatnsull Sulluker
- Búta til báta til sigla og veiðistangir
- Flugdrekar
- Teikna eftir skugga
- Útileikhús

Leikir

- Skipta garðinum fyrir framan milli deilda
- Útidúkkó Nota dúkkukerri og sparidót fyrir framan hús
- Tjalda
- Útibingó og bíó

Matur

- Þiknik
- Drekkja úti
- Grillpartý
- Vöflukaffi úti
- Ísbíllinn
- Rækta kartöflur, radísur og rabbabari Sultugerð

Ef veður er vont

- Einingakubbar í salinn ef það rignir með aukadóti
- Fá íþróttasalinn í Setbergsskóla